

30. APRÍL - 2. MAÍ
2025

75
ÁRA

Sinfónían á Suðurlandi



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverka.

Tímalengd verka

Forleikur 6'

Verdi aría 5'

Kvæðið um fuglana 3'

Ave María 3'

Wagner aría 5'

Rossini aría 5'

Sinfónía 35'

Hlé er 20 mínútur og eru kaffiveitingar seldar í hléi.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Sinfónían á Suðurlandi

ÍÞRÓTTAHÚSIÐ Á HÖFN 30. APRÍL KL. 19

ÍÞRÓTTAHÚSIÐ Í VÍK 1. MAÍ KL. 19

IÐA Á SELFOSSI 2. MAÍ KL. 19

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Eva Ollikainen

hljómsveitarstjóri

Jóhann Kristinsson

einsöngvari

Kórar á Höfn

Karлакórinn Jökull

Jóhann Morávek kórstjóri

Kvennakór Hornafjarðar

Heiðar Sigurðsson kórstjóri

Samkór Hornafjarðar (kirkjukór)

Hrafnkell Karlsson kórstjóri

Gleðigjafar

(kór eldri borgara)

Guðlaug Hestnes kórstjóri

Kórar í Vík

Kammerkór Tónskóla

Mýrdalshrepps

Alexandra Chernyshova kórstjóri

Kirkjukór Prestbakkakirkju og

Ásakórinn

Svavar Sigurðsson kórstjóri

Kórar á Selfossi

Jórukórinn

Unnur Birna Björnsdóttir kórstjóri

Karлакór Hveragerðis

Örlygur Atli Guðmundsson

kórstjóri

Kirkjukór Selfosskirkju

Edit Anna Molnár kórstjóri

Sunnlenskar raddir

Stefán Þorleifsson kórstjóri

Söngsveit Hveragerðis og

Sönghópur Tónlistarskóla

Árnesinga

Margrét S. Stefánsdóttir kórstjóri

Kirkjukór Hveragerðis- og

Kotstrandarsóknar

Miklós Dalmay kórstjóri

Giuseppe Verdi

Luisa Miller, forleikur (1849)

La Traviata: "Di Provenza il mar, il suol" (1853)

Atli Heimir Sveinsson

Kvæðið um fuglana (1984)

(úts. Hrafnkell Orri Egilsson)

Sigvaldi Kaldalóns

Ave María (1925)

(úts. Hrafnkell Orri Egilsson)

Richard Wagner

Tannhäuser: "O du mein holder Abendstern" (1845)

Gioacchino Rossini

Rakarinn frá Sevilla: "Largo al factotum" (1816)

Hlé

Ludwig van Beethoven

Sinfónía nr. 5, í c-moll op. 67 (1808)

Allegro con brio

Andante con moto

Scherzo. Allegro

Allegro

For information in English about tonight's programme, please visit the Iceland Symphony Orchestra website: en.sinfonia.is.



Sinfóníuhljómsveit Íslands

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur verið leiðandi afl í íslensku tónlistarlífi í 75 ár og heldur um hundrað tónleika á hverju starfsári með innlendum og erlendum listamönnum í fremstu röð. Hún hefur um langt árabíl verið í fremstu röð hljómsveita á Norðurlöndum og hafa hljóðritanir hennar hlotið fjölda viðurkenninga auk tilnefninga til Grammy-verðlauna.

RÚV útvarpar beint frá flestum tónleikum sveitarinnar í Hörpu á Rás 1 og sjónvarpar einnig frá völdum tónleikum á hverju starfsári.

Fræðslustarf er mikilvægur þáttur í starfsemi Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Auk fjölbreyttra fjöskyldu- og skólatónleika stendur hljómsveitin fyrir Ungsveitarnámskeiði, einleikarakeppni ungra einleikara og hljómsveitarstjóraakademíu fyrir tónlistarnema.

Frá upphafi hefur hljómsveitin farið reglulega í tónleikaferðir innanlands sem utan. Fyrstu tónleikaferðir hennar voru farnar árið 1956, til Hafnarfjarðar, Vestmannaeyja og Selfoss. Hljómsveitin hefur spilað víða á Suðurlandi og þar ber helst að nefna tónleikaferð árið 1991, þegar spilað var á Kirkjubæjarklaustri, Laugalandi í Holtum, Þorlákshöfn og Vestmannaeyjum og svo árið 1999 þar sem hljómsveitin kom fram á Höfn í Hornafirði, Kirkjubæjarklaustri, Vík í Mýrdal og Hvolsvelli. Að auki hefur Sinfóníuhljómsveitin haldið tónleika í Árnesi, Hveragerði, Reykholti Biskupstungum, á Laugarvatni og Flúðum. Hljómsveitin hefur komið nokkuð reglulega fram á Höfn í Hornafirði frá árinu 1972. Einnig spilaði hún reglulega á Borg, Grímsnesi á árunum 1969 til 1974 og hefur spilað margt í Vestmannaeyjum og á Selfossi.

Í þessari tónleikaferð leikur blásarahópur hljómsveitarinnar á dvalarheimilum á Höfn í Hornafirði og á Selfossi.

Framlag kóra á Suðurlandi er ómetanlegt í listsköpun samfélagsins um leið og starfsemi þeirra stuðlar að auknu félagslífi og samhljómi milli fólks. Á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í þessari tónleikaferð koma fram fjórtán kórar og sönghópar og samtals syngja á fjórða hundrað kórsöngvara á tónleikunum þrennum.

Söngvurunum öllum og kórstjórum þökkum við fyrir ánægjulegt samstarf.



Eva Ollikainen

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Finnski hljómsveitarstjórinn Eva Ollikainen tók við stöðu aðalstjórnanda og listræns stjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands haustið 2020 og er fyrsta konan sem gegnir þeirri stöðu.

Eva stundaði tónlistarnám við Sibeliusar-akademíuna í Helsinki og hreppti fyrstu verðlaun í Panula-keppninni fyrir unga hljómsveitarstjóra árið 2003. Hún kom fyrst til Íslands tveimur árum síðar og spannar samstarf hennar við Sinfóníuhljómsveit Íslands því tvo áratugi.

Eva Ollikainen hefur stjórnað mörgum virtum hljómsveitum, meðal annars útvarpshljómsveitunum í Finnlandi og Svíþjóð, Fílharmóníusveitunum í Helsinki og Stokkhólmi, Sinfóníuhljómsveitinni í Vínarborg, Staatskapelle Dresden og Sinfóníuhljómsveit Breska útvarpsins (BBC). Þá hefur hún stjórnað óperuflutningi við Dönsku þjóðaróperuna og Semperoper í Dresden. Hún þreytti frumraun sína á PROMS – tónlistarhátíð Breska útvarpsins í ágúst 2022, þar sem hún stjórnaði meðal annars frumflutningi á verki Önnu Þorvaldsdóttur ARCHORA, og stuttu síðar kom hún í fyrsta sinn fram með Fílharmóníusveit Los Angeles á tvennum tónleikum í Hollywood Bowl.

Verk íslenskra tónskálda hafa verið henni hugleikin og hefur hún flutt og hljóðritað mörg þeirra með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Meðal annars hljómdiskinn ARCHORA / AION með verkum Önnu Þorvaldsdóttur sem Sono Luminus gaf út árið 2023 og hlaut mikið lof í tónlistarheiminum.

Eva er tíður gestakennari við Sibeliusarakademíuna og hún hafði frumkvæði að stofnun Hljómsveitarstjóraakademíu Sinfóníuhljómsveitar Íslands þar sem ungir og efnilegir tónlistarnemar fá tækifæri til að stjórna hljómsveitinni.



Jóhann Kristinsson

EINSÖNGVARI

Baritónsöngvarinn Jóhann Kristinsson hefur unnið til fjölmargra verðlauna. Í fyrra hlaut hann Íslensku tónlistarverðlaunin sem söngvari ársins í flokki sígildrar- og samtímatónlistar. Þá sigraði hann hina virtu söngkeppni *Stella Maris* þar sem hann hlaut einnig dómnefndarverðlaun (Jury-Preis) frá Wiener Musikverein. Þessu til viðbótar lenti hann í þriðja sæti og fékk áheyrendaverðlaun alþjóðlegu söngkeppninnar *Das Lied* í Heidelberg og komst í úrslit alþjóðlegu *Robert Schumann keppninnar* í Zwickau.

Jóhann útskrifaðist með meistaragráðu og hæstu einkunn frá Hanns Eisler tónlistarháskólanum í Berlín en meðal nafntogaðra leiðbeinenda á ferlinum eru Kristinn Sigmundsson, Thomas Quasthoff, Júlía Várady og Thomas Hampson. Frá 2017 til 2019 var hann meðlimur óperustúdíós Ríkisóperunnar í Hamborg.

Jóhann hefur unnið með virtum hljómsveitarstjórum, þar á meðal Herbert Blomstedt, Bertrand de Billy, Kent Nagano, Cristian Măcelaru og Manfred Honeck. Hann hefur komið fram á fjölmörgum tónlistarhátíðum, m.a. Heidelberger Frühling, Oxford Lieder Festival, Martha Argerich Festival, Tónlistarhátíðinni í Dresden og Schubertiade Hohenems. Ýmsar hljómsveitir hafa notið krafta hans, meðal annars úrvarpshljómsveitirnar í Bæjaralandi, Sænska útvarpshljómsveitin, Orchestre National du Capitole de Toulouse, Sinfóníuhljómsveit Danmerkur, Sinfóníuhljómsveit Íslands, fílharmoníuhljómsveitirnar í Osló og Kaupmannahöfn, Alþjóðlega Bachakademían í Stuttgart, Ríkisfílharmonían í Hamborg, Hamburger Symphoniker, Basque National Orchestra og Bamberger Symphoniker.

Í febrúar gaf BIS Records út hljómplötuna *Ein deutsches Requiem (Þýsk sálumessa)* eftir Johannes Brahms, þar sem Jóhann Kristinsson söng með Sinfóníuhljómsveit Hamborgar undir stjórn Kent Nagano.



Giuseppe Verdi

Um tónlistina

Tónleikarnir hefjast á forleik Giuseppe Verdi (1813–1901) að óperunni *Luisa Miller* sem byggð er á skáldsögu eftir þýska rithöfundinn Friedrich Schiller. Verdi samdi á þriðja tug ópera um ævina og er meirihluti þeirra sýndur reglulega í óperuhúsum um víða veröld. Af þessum óperum er *La Traviata* hvað vinsælust en hún er byggð á skáldsögu Alexandre Dumas, *La Dame aux Camélias* eða *Kamelíufurúin*. Óperan fjallar um Violettu, gleðikonu meðal aðalsins í París sem verður ástfangin af hinum unga Alfredo og þráir að snúa baki við fortíðinni og giftast honum. Við erum stödd í 2. þætti óperunnar. Faðir Alfredos, Giorgio Germont fer á fund Violettu í því skyni að koma í veg fyrir ráðahaginn sem myndi kasta rýrð á fjölskylduna og koma í veg fyrir væntanlega giftingu dóttur hans, systur Alfredos. Violetta samþykkir og sendir Alfredo skilnaðarbréf. Jóhann Kristinsson syngur áriú Germonts *Di Provenza il mar, il suol* þar sem hann reynir að sefa reiði sonar síns eftir þessi skyndilegu umskipti.



Atli Heimir Sveinsson

Atli Heimir Sveinsson (1938–2019) var gífurlega afkastamikið tónskáld en eftir hann liggja hátt á fimmta hundrað verk. Meðal þeirra eru einleikskonserterar, hljómsveitarverk, óperur, ballettar, kammerverk, einleiksverk, kórverk, einsöngslög og leikhústónlist. Atli hneykslaði áheyrendur oft með brjáluðum tilraunaverkum en átti einnig auðvelt með að bregða sér í líki rómantískra tónskálda og galdra fram hugljúfar laglínur. Mörg laga hans við ljóð Jónasar Hallgrímssonar eru þjóðþekkt sem og *Maríukvæðið* við ljóð Halldórs Laxness. Vinsælasta lag Atla Heimis er tvímælalaust *Kvæðið um fuglana* við ljóð Davíðs Stefánssonar.

Fá íslensk tónskáld eiga jafn mörg þekkt sönglög og Sigvaldi Kaldalóns (1881–1946). Hann stundaði tónsmíðar meðfram læknisstörfum, lengst af við Ísafjarðardjúp og á Suðurnesjum með aðsetur í Grindavík en einnig um fjögurra ára skeið í Flatey á Breiðafirði. Var Sigvaldi dádúur og virtur hvarvetna sem hann bjó enda fylgdi honum og konu hans mikil menningarleg reisn.



Gioacchino Rossini

Sönglagið **Ave María** var samið fyrir leikritið *Dansinn í Hruna* eftir Indriða Einarsson sem var frumflutt á annan í jólum árið 1925. Í aðdraganda sýningarinnar stóð eftirfarandi í einu Reykjavíkurdagblaðanna: „...og það mun verða almannamál að lokasöngurinn **Ave María** undir lagi Sigvalda Kaldalóns sé einna áhrifamest af því sem hér hefir heyrst á leiksviði.“

Richard Wagner (1813–1883) var jafnaldri Verdis og fyrst og fremst óperutónskáld líkt og skáldbróðir hans. Eftir hann liggja hátt í 30 sviðsverk, þar af 13 fullgerðar óperur sem langflestar eru enn í dag vinsælar á fjöllum óperuhúsa. Wagner samdi óperuna Tannhäuser á árunum 1843–45. Hann sækir efnið í tvær þýskar þjóðsögur, annars vegar goðsögnina um mansöngvarann Tannhäuser og hins vegar söguna um söngvakeppnina í Wartburg kastalanum. Tannhäuser er undir álögum ástargjöfunnar Venusar og sagan fjallar um örlög hans og Elísabetar sem hann hafnar og riddarann Wolfram sem ann Elísabetu hugástum. Í ariunni *O du mein holder Abendstern* biður Wolfram kvöldstjörnuna um að vísa henni veginn til himna.

Gioacchino Rossini (1792–1868) var ákaflega afkastamikið tónskáld sem samdi ríflega 40 óperur, 30 kantötur og önnur andleg verk, 30 kammerverk auk fjölmargra annarra veraldlegra verka.

Ópera Rossinis *Rakarinn frá Sevilla* er talin vera besta gamanópera allra tíma. Hún byggir á samnefndri bók Frakkans Pierre Beaumarchais líkt og ópera Mozarts, *Brúðkaup Fígarós*, 30 árum fyrr. Munurinn er að Rossini sótti efni í fyrsta kafla bókarinnar en Mozart í þann næsta.

Árian *Largo al factotum* hljómar strax á eftir forleik óperunnar og það er rakarinn Fígaró sem gefur tóninn með þessari fjörugu aríu þar sem hann syngur um sjálfan sig og eigið ágæti.



Ludwig van Beethoven

SINFÓNÍA NR. 5, ÖRLAGASINFÓNÍAN

Fimmta símfónía Ludwigs van Beethoven (1770–1827) er líklega þekktasta tónverk sígildra tónbókmennta og eitt af þeim tónverkum sem oftast heyrast í tónleikasölum heimsbyggðarinnar. Upphafsmótífið, endurteknu nóturnar fjórar sem birtast í einhverri mynd í öllum köflum símfóníunnar er sagt vera örlögin að knýja dyra. Sköpunarár símfóníunnar voru vissulega mikill átakatími í lífi tónskáldsins sem hið innra horfðist í augu við þverrandi heyrn og umhverfis hann geisaði styrjaldarófriður.

Beethoven hóf að semja fimmtu símfóníuna árið 1804 en lagði hana til hliðar og einbeitti sér næstu tvö árin að fyrstu gerð óperunnar *Fidelio*, 23. píanósónötunni (*Appassionata*), *Razumovsky strengjakvartettunum* þremur op. 59, fiðlukonsertinum, fjórða píanókonsertinum, *C-dúr messunni* og fjórðu símfóníunni. Því næst snéri hann sér aftur að þeirri fimmtu. Hann vann úr fyrirbyggjandi uppkasti að þremur fyrstu köflunum en skipti niðurlagi í 6/8 takti út fyrir hið glæsilega og sigurreifa finale í C-dúr. Í bréfi til vinar síns og velgjörðarmanns Franz von Oppersdorf skrifar Beethoven: „Ég lofa þér verki sem hæfir okkar stríðshrjáðu samtíð. Síðasti hluti símfóníunnar er með 3 básúnum og lítilli flautu - að vísu ekki 3 pákum en sem gera meiri og betri hávaða en 6 pákur.“

Örlagasímfónían var frumflutt í Theater an der Wien 22. desember 1808 og stjórnaði tónskáldið flutningnum. Tónleikarnir voru sannkallaðir marapontónleikar þar sem átta verk Beethovens voru flutt - þar af fjögur í fyrsta sinn opinberlega. Fyrsta atriðið var sjötta símfónían - *Sveitasímfónían*, þá kom arian *Ah, perfido* op. 65, síðan *Gloría* úr *C-dúr messunni* en fyrri hlutanum lauk á fjórða píanókonsertinum sem Beethoven lék sjálfur. Síðari hlutinn hófst á fimmtu símfóníunni, þá komu *Sanctus* og *Benedictus* kaflarnir úr *C-dúr messunni*. Næst lék Beethoven eitt atriði á píanóið af fingrum fram en lokaverkið var *Kórfantasían*. Litlar sögur fara af þessum tónleikum annað en að lengd þeirra losaði fjórar klukkustundir í hrollköldum tónleikasalnum og flutningurinn var frekar bágborinn eftir aðeins eitt æfingarensli.

Sigurður Ingvi Snorrason

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Andrzej Kleina
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir
Skelton
Pálína Árnadóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Laura Liu
Laufey Sigurðardóttir

2. fiðla

Anton Miller
Gunnhildur Daðadóttir
Hekla Finnsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Justyna Bidler
Maria Hehenberger
Hlín Erlendsdóttir

Víola

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Rita Þorfiris
Þórarinn Már Baldursson
Guðrún Hrund Harðardóttir
Svava Bernharðsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Guðbjartur Hákonarson

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Urh Mrak
Hrafnhildur Marta
Guðmundsdóttir
Júlía Mogensen
Bryndís Björgvinsdóttir

Bassi

T.C. Fitzgerald
Jacek Karwan
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

Flauta

Áshildur Haraldsdóttir
Sólveig Magnúsdóttir
Ragnhildur Jósefsdóttir

Óbó

Julia Hantschel
Peter Tompkins

Klarínnett

Baldvin Ingvar Tryggvason
Rúnar Óskarsson

Fagott

Louisa Slosar
Bryndís Þórsdóttir
Brjánn Ingason

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Paul Pitzek
Emil Friðfinnsson
Caroline Messner

Trompet

Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Oren Marshall

Harpa

Katie Buckley

Pákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Marco Santos
Frank Aarnink

Guðni Tómasson
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkeldsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir
Hafstað verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Dagrun Hálfdánardóttir
mannauðsstjóri

Tryggvi M. Baldvinsson
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrárgerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Svanhvít Hrólfsdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigbór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Björk Björgúlfssdóttir
sviðs- og tæknimaður

KK & Sinfó

22. & 23. MAÍ

A man wearing a brown fedora, sunglasses, and a black leather jacket with a white fur collar is playing a brown electric guitar. He is smiling and looking down at the instrument. The background is a warm, golden-yellow color with some light dust or smoke visible.

SÉRSTAKIR GESTIR ERU ELLEN,
MUGISON OG JÓN JÓNSSON

MÍÐASALA Á SINFONIA.IS